

Stjörnuegg hf. - alifuglabú

Vallá

116 Kjalarnes

18. desember 2025

UOS2501528/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. desember 2025 – ID 393

Þann 15. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Stjörnuegg hf. - alifuglabú. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Samkvæmt gr. 3.6 í starfsleyfi skulu eldishús vera útbúin lofthreinsikerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun ryks. Ekkert lofthreinsikerfi hefur verið sett upp. Rekstraraðili mótmælti þessari nýju kröfu í starfsleyfinu sem tók gildi 7. nóvember 2024 og kærði starfsleyfið. Úrskurður barst 10. október 2025 frá Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála. Frávikið verður opið þar til Umhverfis- og orkustofnun tekur upp starfsleyfið með tilliti til nýrra upplýsinga frá rekstraraðila.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlanir.
2. Rekstraraðila var bent á að rykmæla í kringum eldishúsin til að geta metið ryklosun.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var skilað inn 15. desember 2025, frávikin er lokað.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var skilað inn fyrir 1. maí sl., með ófullnægjandi upplýsingum. Það vantaði að skrá olíumagn fyrir árið 2024. Fullnægjandi skil bárust 15. desember 2025, frávikin er lokað.

3. Reglugerð nr. 990, viðauki 7a. Rekstraraðili skal taka saman og skila inn ústreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Ústreymisbókhaldi var skilað inn 15. desember 2025, frávikin er lokað.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits